



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 18 — DES. '80



Útgefandi **ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN**, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun 3ja hvers mánaðar. Efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 1. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður:	Guðjón Ó. Magnússon, sími 74558
Gjaldkeri:	Einar Steingrímsson, sími 16346, v. 39667
Ritari:	Magnús Guðmundsson, s. 30214
Varaformaður:	Björn Vilhjálmsson, s. 16543
Meðstjórn:	Ingvar Teitsson Torfi Hjaltason, s. 82833
Ferðanefnd:	Einar H. Haraldsson, s. 75694 Guðjón Ó. Magnússon Torfi Hjaltason
Húsnefnd:	Pétur Ásbjörnsson, s. 41428 Vilborg Hannesdóttir, s. 40684

Ritnefnd:

Ábyrgðarmaður:	Magnús Guðmundsson
Aðrir í ritnefnd:	Sighvatur Blöndahl, s. 32789, v. 10100 Snævarr Guðmundsson, s. 85070 Guðlaug Halldórsdóttir, s. 75190/74749 Olgeir Sigmarsson, s. 26793

Fræðslunefnd:

Torfi Hjaltason
Helgi Benediktsson
Einar Hrafnkell Haraldsson

Efni í blaðinu

Bls.	
Frá stjórninni	3
Félagsstarf	4
Fréttapistill	6
8000 m tindarnir	8
Um vetrargráður	10
Leiðarvísir ÍSALP— Mýrdalsjökull	14
Ævintýri á Mont Blanc	23
Sigurför á Skessuhorn	27
Ferðir og fundir ÍSALP	30

Forsíðumyndin: Sigið niður annað Tröllanna í Glerárdal.
Ljós.: Guðrún Úlfhildur Grímsdóttir, júní, 1980.

Setning: Prentstofan Blik
Offsetvinna: Repró
Prentun: Formprent

Frá stjórninni

Eins og marga rekur efalaust minni til hefur verið drepit á það áður í þessum pistli að Alpaklúbburinn ætti að koma upp skála í Botnssúlum til að auðvelda aðgang að því ágæta klifur- og skíðasvæði. Á þessu máli hefur til skamms tíma verið lítil hreyfing en nú hefur verið ákveðið að leggja til atlgöu við þetta verkefni. Nokkur undirbúningsvinna hefur þegar verið ynn af hendi og er rétt að segja frá henni í nokkrum orðum. Þar er fyrst að nefna ferð sem farin var upp í Súlu 4. október síðastliðinn. Í henni tóku þátt auk fulltrúa ÍSALP, Árni Reynisson framkvæmdastj. Náttúruverndarráðs og Gunnar Guðmundsson og Pétur Þorleifsson, „snjóþíla- og skálaflutningasérfræðingar“. Í þessari ferð voru fyrst og fremst kannaðar aðstæður til að flytja hús með snjóþíla upp Súlnadal en efst í honum er væntanlegt skálastæði. Leist mönnum allvel á aðstæður. Einnig var rétt við Séra Eirík Eiríksson á Þingvöllum en væntanlegt skálastæði er í landi Þingvalla. Hans er því að veita leyfi fyrir því að þarna sé byggður skáli.

Næst gerist það í málinu að 19. okt. er farin vinnuferð upp í Súlu sem sagt er frá í félagsstarfi. Var þá safnað saman grjóti í undirstöður.

Líklega verður þetta hús í líkingu við hin nýju hús Jöklarannsóknafélagsins, e. t. v. dálítið stærra og mun rúma 12–15 manns í kojur. Smíði þess mun væntanlega hefjast eftir áramót og ætti það þá að verða tilbúið í mars ef vel gengur. Verður vonandi hægt að flytja húsið upp í Súlu fljótlega upp úr því.

En þetta mun ekki ganga átakalaust fyrir sig. Alpaklúbburinn er fjárvana félag og fé þarf til þessara framkvæmda. Þú mátt því búast við því félagi góður að til þín verði

leitað. Að visu höfum við sótt um fjárstyrk hjá Ferðafélagi Íslands og höfum alla ástæðu til að búast við jákvæðri úrlausn en við verðum eigi að síður að leggja sjálf fram mikið af því sem til þarf.

Fullt eins mikilvægt og aurarnir í hinum léttu pyngjum félaganna eru starfskraftar allra sem leggja vilja hönd á plóginn. Skálinn verður að byggjast í sjálfbodavinnu og þar er þörf á áhugasömum félögum. Ef enginn lætur sitt eftir liggja er sigurinn unninn og skáli risinn í Botnssúlum næsta vor.

Í Botnssúlum eru eins og flestir vita ákjósanlegt land til ísklifurs. Skáli þar uppi myndi bæta mjög aðstöðu til að stunda þetta ágæta klifursvæði en úr skálanum yrði 15–30 mín. gangur að mörgum bestu klifurleiðunum. Í Súlu eru líka ýmsir möguleikar okannaðir og á það sérstaklega við um hinar hærri gráður. Fjallaskiðaland hið besta eru Botnssúlur auk þess sem skáli þar ætti að geta komið gönguskíðamönnum að góðum notum. Einnig er kostur hversu nálægt Reykjavík skálinn mun verða, mun nær en t. d. skálinn í Tindfjöllum. Ætti það að stuðla að meiri notkun.

Rétt er að geta ágættrar gjafar sem Klúbbnum barst nú í haust. Er það kort af Íslandi 1:250.000 á 9 blöðum plasthúðuðum og svo frá þeim gengið að hægt er að hengja þau á vegg. Gefandi er Hermann Valsson, einn af ötulli félögum ÍSALP. Kortin eru geymd í húsnæðinu á Grensásveginum og hafa þau verið félögum til mikilla þæginda. Er Hermann hér með þökk að þessi ágæta gjöf.

Magnús Guðmundsson

Félagsstarfið

Hrútfellsferðin

var farin helgina 15. – 17. ágúst. Við fengum að fljóta með bíl Ferðafélags Íslands inn að Kerlingarfjallaafleggjaranum á Kili, gengum þaðan í Gránunes, tjaldbúðir reistar þar í súld og svartnætti. Á laugardagsmorguninn gengum við vestur að Hlaupunum, þar sem stökkva má (eða réttara sagt: stíga) yfir Fúlukvísl. Þaðan gengum við upp að austasta skriðjöklinum í norðurhlíð Hrútfells, ætluðum að fara upp hann. Neðsti hluti jökulsins reyndist íslái, stórhættulegur að degi til vegna grjóthruns. Fórum við því upp með jöklinum vinstra (austan) megin, síðan inn á hann ofan við mesta grjóthrunssvæðið. Jökullinn sjálfur reyndist þó ófær þar nokkru ofar vegna mikilla þversprungna. Þá hörfuðum við á ný út úr honum til hægri, klifum þar upp hrygg uns komið var upp í jölulskál ofan við mestu sprungusvæðin. Þar gengum við til suðvesturs, upp yfir jökulskálina, undir tignarlegum jökulhörmum. Var það greið leið og sprungulítill, allt upp á hábungu Hrútfells (1410 m y. sjó). Bjart var þá yfir fjallinu, en víðsýni í minna lagi vegna skýja á fjöllum í kring.

Á niðurleiðinni bar fátt til tíðinda. Við rénnum okkur fótskriðu niður langa fönn austanvert við skriðjökulinn, sem við fórum upp. Í tjöldin var komið um kl. 01 um nóttina eftir 14 tíma útivist. Við höldum svo heimleiðis upp úr hádegi á sunnudaginn, sáum þá byrjun Heklugossins, þegar ekið var til byggða.

Þátttakendur voru 9, fararstjóri Ingva. Teitsson.

Ingvar Teitsson

Vinnferð í Tindfjöll

30. – 31. ágúst var farin vinnuferð í Tindfjallaskála. Farið var með kol og gas uppeftir. Skipt var um gler, gólfín skúruð og skálinn almennt undirbúinn fyrir veturinn. Vil ég hér nota tækifærið og hvetja menn til þess að nota skálann, annars gerir hann lítil annað en að grotna niður.

Klettaklifurnámskeið

Þátttakendur voru sautján talsins en leiðbeinendur fjórir, þeir Pétur Ásbjörnsson, Einar Steingrímsson, Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason. Námskeiðið fór fram á Þingvöllum samkvæmt fornum hefðum? Þarna var kennt ýmislegt það er þurfa þykir þegar um byrjendur er að ræða, og tókst það nokkuð bærilega. Ekki spillti veðrið, þá smá rigningarúði hafi gert vart við sig á sunnudegi. Vonast aðstandendur til að flestir hafi nú æft sig vel í því sem kennt var.

Torfi Hjaltason



Jón skiptir um gler í Tindafjallaskála, Þór fylgist ákaft með.

Ljósmynd Guðjón Ó. Magnússon, ágúst 1980.

Botnssúlnaferð

Sunnudaginn 19 október fór 15 manna flokkur sjálfbóðaliða upp í Botnssúlur til að ryðja saman grjóti fyrir undirstöður skála. Lagt var upp frá Rvík snemma morguns á 5 bílum og ekið sem leið lá upp að Svartagili í Þingvallasveit. Veður var hið besta, hægviðri, heiðríkt og nokkurt frost. Gengið var upp í Súlurnar og staðnæmst efst í Súlnadal þar sem fyrirhugað skálastæði er. Þar voru teknir upp járnkarlar og kúbein og þælt upp grjót í 5 tíma samfleytt. Var unnið kappsamlega og þegar upp var staðið hafði verið rutt saman 12–15 tonn af grjóti og ætti það að nægja fyrir undirstöður. Að áliðnum degi var haldið aftur niður að Svartagili og síðan ekið til Reykjavíkur með viðkomu í sjöppunni að Brúarlandi í Mosfellssveit.

Magnús Guðmundsson

Ísklifurnámskeið ÍSALP

Dagana 25. – 26. okt. var haldið ísklifurnámskeið fyrir byrjendur í Gígjökli. Þátttakan var mjög góð, alls 35 manns eða einum fleiri en á námskeiðinu í fyrra. Á laugardagsmorguninn var farið beint úr bænum inn að jökullóni Gígjökuls og um hádegi hófust æfingarnar. Voru teknar fyrir æfingar með og án ísbrodda og ísaxa en einnig farið í létt klifur. Tjaldað var undir Grýtutindi. Um kvöldið kom svo japanskur kvikmyndaleiðangur ásamt þeim Torfa og Helga Ben. til að kvikmynda hellisleiðangur nokkurra japanskra ævintýragarpa. Hellisferðin átti sér stað að nokkru leyti „neðanjarðar“ á jöklinum. Á sunnudeginum vöknudu menn um kl. 07.00. Þá var haldið aftur á jökulinn. Æfingunum var haldið áfram og m. a. æfðar trygg-

ingar, notkun ísskrúfa, björgun úr sprungum og jöklaferðir. Um kvöldið var lagt af stað í bæinn og komið þangað um sjöleytið. Leiðbeinendur voru: Birgir Jóhannesson,

Guðjón Ó. Magnússon, Hreinn Magnússon og Snævarr Guðmundsson.

Guðjón Ó. Magnússon

Messner „röltir“ einn á Everest

Reinhold Messner, Suður-Tyrolinn frægi, gerir það ekki endasleppt. Fyrir skömmu bárust þær fréttir frá Kína, að Messner hefði tekist að sigr Everest, hæsta fjall heims, 8848 m, einn síns liðs, sóló, og það án þess að nota súrefni. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram að Messner er fyrstur til að vinna þetta frábæra afrek. Messner sigraði fjallið eftir svonefndri „norður-hryggs leið“. Því má svo bæta við að Everest var fyrst sigrað án súrefnis árið 1978 og þá af Messner og félag hans Peter Habeler, sem þá voru taldir hálfgeggjaðir að leggja út í slíkt „sjálfsmorð“.

Annars er Messner frægur fyrir allt annað heldur en að gera það sem flestum finnst „gáfulegt“ og „mögulegt“. Þeir félagarnir Messner og Habeler eiga hraðamet upp norðurvegg Eigertinds. Voru 10 tíma. Þeir voru fyrstu mennirnir til að sigr tind yfir 8000 m, þegar þeir sigruðu Hidden Peak, 8065 m, í Karakorum. Þá má nefna það, að Messner rölti einn síns liðs á Manga Parbat 1978, en það er liðlega 8400 m. Þá sigraði Messner ásamt félag sínum K2, annað hæsta fjall heims, 8650 m, fyrstir manna án súrefnis fyrir tveimur árum.

Sighvatur Blöndahl

Fréttapistill

Um miðjan ágúst sl. klifu þrír félagar ÍSALP Hraundranga við Öxnadal. Þetta er í fjórða sinn sem Hraundrangi er klifinn og þeir sem hlut áttu að máli voru Hreinn Magnússon, Olgeir Sigmarsson og Sigurður Sigurðsson. Þeir Hreinn og Olgeir voru búsettir fyrir norðan í sumar en Sigurður er Akureyringur.

Þeir lögðu upp í klifið frá Staðarbrekku í


Hörgárdal, norðvestan við dranginn. Eftir 1 1/2 tíma göngu komu þeir upp í skarðið norðaustan við dranginn en þar hefst hið eiginlega klifur, um 80 m. Þar fóru þeir í línu. Bergið var alllaust lengst af og mikill mqi og annar gróður í klettunum. Efst var þó betra berg. Klifið úr skarðinu tók 3 1/2 klst.

Um verslunarmannahelgina síðustu gerðu þeir Björgvin Ríkhartsson og Snævarr Guðmundsson tilraun við Lómagnúp í Skaftafellssýslu. Reynt var framan á „Gnúpnum“ en þar er vegghæðin c. a. 400 m. Bergið reyndist geysilega laust, en farnar voru 2 spannir, önnur af IV. gráðu og sú seinni, sem var 30 m slútandi veggur, A2/A3, en nota þurfti bolta á köflum og víða voru fleygar mjög lausir,

Í ágúst máuði síðastliðnum fór fjórir félagar í ÍSALP, Björn Gíslason, Jóakim H. Reynisson, Jónas Geirsson og Einar Pálsson til Sviss eftir viðkomu í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Þýskalandi. Í Sviss gerðu þeir félagar tilraun við Matterhorn. Veður var mjög slæmt, en þó komust þeir feálgar upp Solvay-klofann, sem er á Hörnli-hryggnum rúmlega 4000 metra hæð. Í þeirri hæð var veðrið orðið það slæmt að hætt var við áframhald.

Frá Sviss var haldið til ýmissa borga í Evrópu og síðan enduðu þeir ferðina í Skotlandi, þar sem þeir fóru m. a. í næturgöngu á Ben Newis, hæsta fjall Bretlands þrátt fyrir að úrhellisrigningar í Bretlandi höfðu af þeim mikinn tíma.

Annar félagi í ÍSALP, Hermann Valsson, fór í Alpna í sama mánuði. Leið hans lá fyrst til Berner Oberland í Sviss. Þar kynntist hann fyrir tilviljun ameríkana nokkrum sem hefur m. a. klifið Mt. MacKinley fjórum sinnum.



Klifur í Hraundranga.

Ljós.: Hreinn Magnússon, ágúst 1980.

Fyrsta fjall þeirra féлага var Eiger, en hann klifu þeir eftir Vesturhryggnum. Næst lá leið þeirra upp í Jungfrauoch, en daginn eftir var Jungfrau klifinn og tók það fjórar flukkustundir.

Eftir nokkurra daga hvíld var haldið suður til Zermatt og ákveðið að fara á Monte Rosa. Var þá haldið til Monte Rosa Hütte. Daginn eftir var svo Monte Rosa klifinn og voru þeir félagar fyrstir á fjallið, klukkutíma á undan næstu mönnum.

Næsta fjall á dagskrá var Matterhorn, en vegna slæms veðurs varð að sleppa því. Var nú liðið að lokum ferðar og var því næst haldið til Luxembourg þar sem næsta vél var tekin til Íslands.

Snævarr Guðmundsson

8000 m tindarnir

Á jörðinni eru fjórtán tindar, sem ná 8000 metra hæð. Allir þessir tindar eru í tveimur fjallgördum í Asíu. Þ. e. a. s. Himalaya og Karakorum.

Hér á eftir fer upptalning á þessum fjöllum. Þar verða þau talin upp eftir hæð, hvenær þau voru klifin, hvaðan leiðangrarnir, sem fyrstir klifu þau voru, hvaða fjallgöngumenn það voru, um nokkrar merkilegar ferðir á þau og síðast en ekki síst, hvar þau eru.

MT. EVEREST.

Mt. Everest er hæsta fjall jarðar eins og flestir vita. 8848 m. Everest var fyrst klifinn af breskum leiðangri árið 1953. Þeir fóru upp fjallið um Khumbu ísfossinn, Suðurslakka og þaðan á tindinn. Þessi leið er af flestum talin léttasta leiðin á tindinn. Þeir sem komust upp voru Edmund Hillary og Tenzing Norgay. Margar leiðir hafa verið farnar á Mt. Everest og ber þá helst að nefna Suðurhrygginn, Vesturhrygginn og Norðurhlíðina. Mt. Everest er á Austur-Khumbu svæðinu í Himalaya.

K2.

K2, öðru nafni Mt. Godwin Austen er annað hæsta fjall jarðar 8611 m. Fjallið var fyrst klifið af ítölskum leiðangri árið 1954 og þeir sem komust upp voru A. Compagnoni og L. Lacadelli. Þeir fóru upp Abruzzi hrygginn og er sú leið einna oftast farin á fjallið. Einnig hefur Norð-austur hryggurinn verið far-

in en það gerðu Bandaríkjamenn árið 1978. Samkvæmt Pakistönskum mælingum, sem gerðar voru árið 1974 reyndist fjallið 8760 m. hátt.

K2 er í Karakorum fjallgarðinum.

KANGCHENJUNGA.

Kangchenjunga er þriðja hæsta fjall á jörðinni, 8597 m. Fjallið var fyrst klifið árið 1955 af breskum leiðangri og þeir sem komust upp voru George Band og Joe Brown. Þeir fóru upp Suð-vestur hlíðina. Fjallið er á Landamærum Nepal og Sikkim í Himalaya.

LHOTSE.

Lhotse er fjórða hæsta fjall á jörðinni, 8501 m. Fjallið var fyrst klifið árið 1956 af swissneskum leiðangri og þeir sem upp komust voru Ernst Reiss og Fritz Luchsinger.

Á fjallinu er einhver mesta suðurhlíð í heimi og er hún óklifin enn.

MAKALU.

Makalu er fimmta hæsta fjall á jörðinni, 8470 m. Fjallið var fyrst klifið árið 1955 af frönskum leiðangri. Þeir sem upp komust voru Jean Cousy og Liorel Terray. Þeir fóru upp Norður-hrygg fjallsins. Fjallið er á Austur Khumbu svæðinu eða aðeins um 10 km frá Mt. Everest.

DHAULAGIRI.

Dhaulagiri er sjötta hæsta fjall á jörðinni, 8172 m. Fjallið var klifið fyrst af svissneskum leiðangri árið 1960. Þeir, sem upp komust voru P. Diener, E. Forrer, A. Scelbert, Nyima Dorji og Nawang Dorji. Þeir fóru upp fjallið að norð-vestan. Fjallið er á Dhaul Himal svæðinu í Himalaya.



Nanga Parbat.

MANASLU.

Manaslu er sjöunda hæsta fjall jarðar, 8156 m. Fjallið var fyrst klifið árið 1956 af japönskum leiðangri og fóru þeir upp fjallið að austan. Þeir sem komust upp voru, T. Imanishi og Gyalzen Norbu. Fjallið er á Ghurkha svæðinu í Himalaya.

CHO OYU.

Cho Oyu er áttunda hæsta fjall jarðar, 8153 m. Fjallið var fyrst klifið af austurrískum leiðangri árið 1954 og komu þeir fjórum mönnum á tindinn. Þeir voru, Herbert Tichy, S. Jochler og Pasang Dara. Þeir fóru upp fjallið að norðan en fjallið er einna auðklifnast af 8000 metra fjöllum. Fjallið er á Vestur-Khumbu svæðinu á Himalaya.

NANGA PARBAT.

Nanga Parbat er níunda hæsta fjall jarðar, 8125 m. Það var þýskur leiðangur sem fyrstur kom manni á tindinn árið 1953, en það var Austurríkismaðurinn Herman Buhl, sem komst einn upp. Fræg er ferð kappans Messners þegar hann kleif fjallið solo árið 1978 en í þeirri ferð var 8000 metra fjall fyrst klifið solo. Fjallið er í Punjap í Himalaya.

ANNAPURNA I.

Annapurna I er tíunda hæsta fjall jarðar, 8078 m. Fjallið var klifið árið 1950 af frönskum leiðangri og var það fyrsta 8000 metra fjallið sem klifið var. Þeir sem upp komust voru Maurice Herzog og Louis Lachenal, en þeir fóru upp fjallið að norðan.

Fræg er ferðin, sem farin var upp Suður-vegginn sem er um 2700 metra hár undir stjórn Chris Bonnington árið 1970. Fjallið er á Annapurna svæðinu í Himalaya.

GASHERBRUM I.

Gasherbrum I sem einnig er nefndur Hidden Peak er ellefta hæsta fjall jarðar, 8068 m. Fjallið var klifið fyrst árið 1958 af amerískum leiðangri. Þeir sem upp komust voru Andy Kauffman og Pete Schoening, en þeir fóru upp fjallið að sunnan. Gasherbrum I er skammt frá K2 í Karakorum fjallgarðinum.

BROAD PEAK.

Broad Peak er tólftha hæsta fjall jarðar, 8047 m. Fjallið var fyrst klifið af Austurríkismönnum árið 1957. Þeir, sem upp komust voru M. Schmuck, F. Wintersteller, Kurt Diemberger og Herman Buhl, sem einnig kleif Nanga Parbat fyrstur en hann lést þetta sama ár. Fjallið er skammt frá K2 í Karakorum.

GASHERBRUM II.

Gasherbrum II er þrettánda hæsta fjall jarðar, 8035 m. Fjallið var klifið fyrst árið 1956

af Austurrískum leiðangri. Þeir sem upp komust voru, S. Larch, F. Moravec og H. Willenpart. Fjallið er skammt frá K2 í Karakorum.

GOSAINTHAN.

Gosainthan er einnig nefnt Shisha Pangma. Fjallið er fjórtánda hæsta fjall jarðar, 8013 m. Fjallið var klifið síðast af 8000 metra fjöllum árið 1964, af tíu manna kínverskum hóp undir stjórn Hsu Ching. Þeir fóru upp norðurhlíðina. Fjallið er á Langtang svæðinu í Himalaya.

Heimildarbækur voru:

Collins guide to mountains and mountaineering.

Eftir: John Cleare.

Encyclopaedia of mountaineering.

Eftir: Walt Unsworth.

Mountains of the world.

Eftir: William Bueler.

Árni Tryggvason

Um vetrargráður

Núgildandi kerfi til að gráða vetrarklifur varð til á meðal klifrara frá Aberdeen snemma á 6. áratugnum og byrtist fyrst á prenti árið 1956. Á þeim tíma sem nú er liðinn hefur það verið tekið í notkun í leiðsögubókum (guide-books) og er almennt

notað, ekki aðeins í Skotlandi, heldur um heim allan.

Á allra síðustu árum hefur þróun klifurbúnaðar og verðufars ýtt undir vetrarklifur. Á það bæði við um fjölda þeirra sem það stunda auk þess sem menn leggja nú stund á



Sam Crimble

mun erfiðara klifur en áður. Við verðum því að spyrja sjálf okkur þeirrar spurningar hvort breyta eigi vetrargráðukerfinu til samræmis við hinar breyttu aðstæður.

Núgildandi kerfi er á þessa leið:

I. gráða

Einfalt snjóklifur. Leiðir. Hafa engar spennir við eðlilegar vetrarsðstæður. Þá getur verið hengja í toppinn auk þess sem fall getur verið hættulegt.

II. gráða

Rásir sem hafa einstakar eða minniháttar spennir eða mjög brattar sjóleiðir með erfiðum hengjum í toppinn. auðveldir klettahryggir sem við vetraraðstæður eru nokkru

erfiðari. Innihalda spennir allt upp í gráðu Very Difficult.

III. gráða

Erfiðar og alvarlegar leiðir sem óreyndum er ekki ráðlegt að eiga við. Mun fela í sér klifur við gráðu Severe.

IV. gráða

Leiðir sem annaðhvort fela í sér mjög samfellda erfiðleika eða hinar erfiðustu leiðir sem eru of stuttar til að falla undir V. gráðu.

V. gráða

Leiðir mjög samfelld erfiðar sem krefjast erfiðra leiðangra og góðra aðstæðna. (Til að falla undir þessa gráðu verða leiðir venjulega að vera a. m. k. 150 m langar og ná upp í eða fara upp fyrir gráðu Very Severe á nokkrum stöðum).

Rétt er að taka fram að núgildandi gráðukerfi tekur mið af leiðinni sem heild en ekki nákvæmur mælikvarði á erfiðustu hreyfingar. Af þessu leiðir að af leið er stutt geta tæknilegir erfiðleikar verið meiri en á langri leið með svipaða gráðu. Á lengri leiðinni koma inn þættir eins og lengd, rötun og hvort auðvelt sé að komast út úr henni ef með þarf.

Við alla endurskoðun á gráðukerfinu verða menn að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Fjölgun tæknilega mjög erfiðra leiða sem eru of stuttar til komast í V. gráðu en geta verið tæknilega erfiðari en margar núverandi V. gráðu leiðir. T. d. er leiðin „Chancer“ (84 m). hún felur í sér klifur af gráðunni Hard Very Severe en ætti

samkv. núverandi kerfi fremur að vera af IV. gráðu eldur en af V.

- b) Vöxtur og framþróun í erfiðu klettklifri hefur leitt til þess að skalinn hefur lengst, nú sem stendur upp í E5. Ætti það sama að gilda um vetrargráðurnar og skalinn lengdur upp í VI?
- c) Kerfi sem búið var til með hliðsjón af hefðbundnu vetrarklifri, sem var að miklu leyti íþrótt fárra, fullnægir það íþrótt sem hefur gengið í gegnum svo miklar tæknilegar breytingar? Hefur tilkoma tækni sem gerir það mögulegt að klífa „Smith's Gully“ á 45 mín. kippt grundvellingnum undan gráðukerfi sem byggt er á hve *alvarleg* leiðin er.


Umræðan er flókin og sérhæfð og mun standa árum saman. Víst er að allar breytingar munu hafa mikil áhrif og hafa í för með sér grýðarlega vinnu við að breyta núverandi leiðsögubókum.

Íslenskir fjallamenn eru nú í mjög öfundsverðri aðstöðu. Þær ísklifurleiðir sem til eru, eru fáar og hafa ekki oft verið farnar, þannig að breytingar á leiðarvísunum yrðu litlar. Hvaða tími er betri til að búa til íslenskt gráðukerfi óbundið því sem annars staðar þekkist en þó samþærilegt við núverandi kerfi annarsstaðar, sem eru í endurskoðun.

Mínar skoðanir byggðar á hugmyndum sem haldið hefur verið á lofti í Skotlandi upp á síðkastið eru sem hér segir:

- 1) Talna- eða númerakerfi líkt því sem nú er notað, þ. e. a. s. gráður frá I–V með möguleikum á að bæta við gráðu VI (VII–VIII?) fyrir mjög erfiðar nýjar leiðir.
- 2) Blandaðar eða skiptar gráður, t. d. III/IV mætti nota fyrir þær leiðir sem liggja á mörkum eða þær leiðir sem eru mjög breytilegar eftir aðstæðum.
- 3) Gráðurnar ættu að tengjast og lýsa snjó- og ísklifri. Tilvísun til klettklifurgráða í lýsingu og skilgreiningu á gráðunum ætti ekki að nota. Einstaka tilvísun til tæknilegra erfiðleika einstakrar spannar eða kafla getur verið réttlæt看leg, sérstaklega í hinum efri gráðum.
- 4) Krafan um að V. gráða feli í sér lágmarkslengd er óþörf.
- 5) Þar sem gráðunin er byggð á mati á erfiðleikum í snjó og ís, verður umsögn að felast í hlutum eins og bratta, öryggi, hversu samfelldir erfiðleikarnir eru o. s. frv. Með öðrum orðum, hversu erfitt mönnum finnst klifrið. Það yrði of erfitt að meta þætti eins og hversu viðkvæm leið er fyrir snjófjúki, snjóflóðum og þess háttar.
- 6) Gráðun allra nýrra leiða ætti helst að fá staðfestingu með því að hún sé klifin nokkrum sinnum áður en meiri háttar leiðarvísar eru gefnir úr. Endurmat á vetrargráðum ætti stöðugt að vera í gangi og upplýsingar um breytingar ættu að hafa greiða boðleið.

Sam Crimble



ÚR FÉLAGSLÍFINU

Ljós. Sighvatur Blöndahl.

Smáauglýsing:

Til sölu Karrimor klifurbakpoki með álgrind.
Einnig Atomic Leader gönguskíði, 215 cm, með hælfestingu.
Mjög lítið notuð.
Ajungilak Twin svefnpoki, Stubai Manaslu ísaxir, 63 cm, karabinur 2500 kg. Bonati, opnar.
Einnig Skarpa kombiskór tvöfaldir nr. 43 og Optimus 88 bensínprímus með pumpu.

Hermann, sími 27745

Nr. 12: MÝRDALSJÖKULL

Yfirlit

Mýrdalsjökull er jökulhvel 1480 m hátt, norður af austasta hluta Rangárvallasýslu og vestasta hluta Vestur-Skaftafellssýslu og jafnframt fjórði stærsti jökull landsins að flatarmáli. Hæstur hinna þriggja aðal- „kolla“ jökulsins er *Goðabunga* 1480 m. Að norðan og vestan er bungan brött og falla þaðan miklir skriðjökulsfossar niður í Goðaland. Austan Goðabungu er allmikil jökulsletta og við suðurbrún jökulsins er breiður, ávalur hryggur, *Hábunga* 1450 m, er blasir við úr Mýrdalnum. Lítið eitt austar en í hánorður af Hábungu rís lítil jökulbunga á norðurbrúninni. Á bungunni er dökkur díll sem stendur upp úr hjarninu. Jón Eyþórsson telur að þetta sé sennilega bungan, sem Jón Austmann, prestur gekk 1823 þegar hann rannsakaði Kötlugosið sama ár. Jón Eyþórsson kallar hana þess vegna *Austmannsbungu* 1375 m.

Um þrjá km suðaustur af Austmannsbungu eru tveir jökulkollar með 1500 m millibili. Er hinn eystri brattur að sunnan og vestan. Hafa kollarnir verið kallaðir *Kötlukollar*, -eystri 1292 m og -vestri 1294 m. Fast við Hábungu liggja dalverpi bæði til austurs og vesturs. Að vestanverðu eru drög *Sólheimajökuls*, skriðjökuls sem fellur niður á Sólheimasand. Að austan er sléttur og allvíður jökulslakki sem lokast að mestu af Kötlukollum að norðaustan og andspænis þeim að sunnan er jökulhjalli, sem gengur norðaustur úr suðurhryggnum. Þar á milli ryðst *Höfðabrekkujökull*, brattur og mjög

úfinn, fram um þrengslin *Kötlukverk*. Norður af Goðabungu er *Entukollur*, 1400 m hár sléttur jökullaus kollur að ofan, þakin lausa-grjóti. Fimm km norðaustur af Entukolli er *Enta* 1350 m hár kollur úr hraungrýti. Á milli kollanna er *Entugjá*, girt bröttum hamraveggjum á báða vegu. Entugjá er upp-tök Entujökuls. Um 2 km vestur af Entukolli gengur lítil skriðjökulstunga fram, niður í átt að Þórsmörk. Nefnist hún *Merkur-jökull*. Hinn mesti skriðjökull fellur norður á Mælifellssand og er hann nærri þriðjungur af yfirborði alls jökulsins. Austan í þessu flæmi eru tveir skriðjökla *Öldufells-* og *Sandfellsjökull*.

Hulin jökli í Kötlukverkinni er *Katla*, ein mesta og þekktasta eldstöð landsins. Hún gýs að jafnaði á 40 til 80 ára fresti. Síðast hljóp Katla árið 1918 og er nú búist við nýju Kötlugosi.

Einstakar leiðir:

Leiðir á Fimmvörðuháls

Milli Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls er lægð um 1000 m yfir sjó er nefnist *Fimmvörðuháls*. Þaðan er gott að leggja á Mýrdalsjökul, bæði í dagsferðir og lengri ferðir. Hér skulu fyrst nefndar tvær þægilegar leiðir að skála Flugbjörgunarsveitarinnar og síðan helstu leiðir á jöklinum.

1. Frá Skógum á Fimmvörðuháls:

Auðveld leið og lítil hætta á villu í vondu skyggni. Fjölfarin, ágæt skíðagöngu-, eða fjallaskíðaleið, meðan snjór endist (des.–maí/júní).

Lofthlína: um 12 km

Lóðrétt hækkun: um 900 m

Áætlaður göngutími: 4–6 klst upp í skálann.

Farið er upp ökuslóða að baki skólans á Skógum og sem leið liggur upp brekkurnar og heiðarbrúnirnar. Brátt blasa við jöklarnir á báðar hendur, en landið hækkar jafnt og þétt inn að Fimmvörðuhálsi. Nauðsynlegt er að vaða eða fara yfir á snjóbrú, þverá úr Skógá í um 600 m hæð. Leið þessi er stikuð upp að skála og stendur hann um 1 1/2 km sunnan við hinn gamla skála Fjallamanna sem stendur á háhálsinum í 1040 m hæð. Sá skáli er nú ónýtur og aðeins nothæfur í neyð.

2. Úr Þórsmörk upp á Fimmvörðuháls:

Ágæt leið á vorin og sumrin en getur verið varasöm á vetrum, vegna snjóflóðahættu og ísingar.

Lofthlína: um 10 km

Lóðrétt hækkun: Þórsmörk (Básar) er í 20 m hæð. Fimmvörðuháls er hæstur í um 1070 m, en skálinn í um 930 m

Áætlaður göngutími: 3–5 klst. upp í skála.

Lagt er af stað rétt austan við Bása, sunnan við Krossá. Þar er gengið upp vel troðinn gönguslóða norðan í Strákagili. Slóðin liggur svo aðallega sunnan megin og efst á hryggnum norðan gilsins. Í um 500 m hæð hverfur hryggurinn, og jafnframt verður

götuslóðinn ógreinilegri. Áfram er stefnt upp og farið á ská upp á *Morinsheiði* 834 m þar sem klettabeltið er minnst. Í þessum brekkum er hætta á snjóflóðum að vetrarlagi. Þegar komið er upp tekur við mikil slétta um 1 km að lengd. Nokkrar vörður vísa leiðina að *Heljarkambi* um 820 m, en þar er einstigi upp. Ef farið er að vetrarlagi er nauðsynlegt að hafa með brodda og ísaxir vegna þessa kafla. 150–250 m löng snjóbrekka tekur nú við upp á *Bröttufönn*, 1069 m. Þaðan er gott útsýni yfir Þórsmörk og brúnir Goðalandsjökuls og hina mörgu skriðjökla, sem falla þar fram um skörðin. Af Bröttufönn er gengið til suðurs yfir Hálsinn, sem er stikaður. Best er að fara niður af hálsinum austan við Skógargil og framhjá fossinum (eða fossstæðinu). Þaðan er stutt niður í skálann. Skíði eru ekki hentug á þessari leið nema þá frá Bröttufönn að skálanum.

3. Fimmvörðuháls – Entukollur:

Ágæt skíðagönguleið en best er að hafa daginn fyrir sér, leggja upp snemma, sérstaklega ef von er á sólbráð eða þiðviðri.

Lofthlína: um 16 km aðra leið

Lóðrétt hækkun: um 550 m

Áætlaður göngutími: fram og til baka 6–12 klst, misjafnt eftir færi.

Fara skal beint í austur frá skálanum, sunnan við *Austurgíga* og fylgja hryggnum sem skálinn stendur á í um 2 km til austurs. Þá skal farið niður af honum norðanmegin og út á jökulinn sem er í um 1000 m hæð. Stefnt skal upp á háhrygg jökulsins, en þó frekar sunnanmegin; þar eru sprungurnar minnstar. Gangan á *Goðabungu* er alllöng og þreytandi og varast skal sprungur efst (t. d.

opnuðust tvær 1 metra breiðar sprungur, undir þeim er þetta ritar, þegar hann var þar á ferð í maí 1978). Af Goðabungu er ágætt útsýni yfir Goðaland og Þórsmörk, svo og yfir Fjallabaksleiðir, allan Austur-Mýrdalsjökul og suður um Sólheimasand. Af Goðabungu er haldið sem næst í norður til *Entukolls* um 6 km greiðfæra leið. Af Entukolli eru suðurbrúnir Tindafjallajökuls tignarlegar. Hrikalegt er að horfa niður í Entugjá með bröttum hamraveggjum á báða vegu. Enta, norðan við Entugjá sést einnig vel svo og Mælifellssandur og Fjallabaksleiðir. Héðan má halda áfram út á Entu, niður í Þórsmörk norðan við Merkurjökul (sjá leið Nr. 6), í Emstruskála F. Í. (sjá leið Nr. 7) eða til baka. Er þessi leið um Goðabungu skemmtilegasta leiðin, sem völ er á, þegar farið er á Mýrdalsjökul.

4. Fimmvörðuháls – Hábunga:

Þetta er erfið ferð og varla farandi án viðlegubúnaðar, nema þaulvant skíðafólk eigi í hlut.

Loflína: um 20 km aðra leið
Lóðrétt hækkun: um 520 m
Áætlaður göngutími: 7–15 klst, en misjafnt eftir færi.

Fylgt er sömu leið Nr. 3 út á jökul en stefnt í norðaustur sunnan við Goðabungu. Best er að fara fyrir ofan lægdina, þar sem Sólheimajökull hefur framsíða sína. Þar má búast við sprungum. Þetta er þó dálítill krókur. Stefnt er svo á suðurbungu jökulsins, *Hábungu*, sem er að jafnaði ósprungin þarna megin. Kollurinn er allmikill ummáls og er því töluverður aðdragandi, uns komið er á Hábunguna. Af Hábungu sést best, hvílikt feiknaflæmi Mýrdalsjökul er. Mikið útsýni

er frá Hábungu, bæði yfir næsta umhverfi jökulsins svo og næstum alla meginjökla landsins. Einnig yfir Suðurlandsstrandlengjuna allt til Örefa og vestur um Rangárvallasýslu.


Héðan má halda til baka um Austmannsbungu og jafvel hafa þar náttból. Frá Austmannsbungu er um 23 km til skálans á Fimmvörðuhálsi. Er þessi leið um suðurbungu jökulsins um 50 km. Annar kostur er að fara frá Austmannsbungu út að Entu eða Entukolli, og fara þaðan aftur niður á Fimmvörðuháls, og fá þannig 70 km hring á jöklinum.

5. Sólheimar – Hábunga:

Ein auðveldasta leiðin á Mýrdalsjökul er frá *Eystri-Sólheimum*. Sérstaklega er hún heppileg fyrir viðvaninga, enda hafa flestir lagt upp frá Sólheimum til að rannsaka Mýrdalsjökul. Ágæt fjallaskíða-, snjóbíla- og vélsleðaleið á meðan snjór endist (des. – júní).

Loflína: um 15 km
Lóðrétt hækkun: um 133 m
Áætlaður göngutími: 6–8 klst

Lagt er upp frá bænum Eystri-Sólheimum og farið upp ökuslóða, sem er aðeins fær torfærubílum. Leiðin liggur upp brekkurnar og heiðarbrúnirnar fyrir ofan bæinn. Landið hækkar jafnt og þétt upp að jökulrönd. Fyrir þá, sem nægan tíma hafa, er margt að skoða því að landið milli Yztuheiðar og Klifurárgils er mjög sundurskorið af djúpum giljum. Af Lakaþúfu, 607 m, sést vel yfir Sólheimajökul. Seinni hluta sumars nær ökuslóðinn ekki upp að jökli og er þá um 1 km að jökulrönd í miklum hlýindarárum. Er þessi leið þá illfær torfærubílum. Frá jökulrönd



Mýrdalsjökull – yfirlitskort.

(við Klifandijökul) í um 900 m hæð er svipuð vegalengd á Hábungu og frá Eystri-Sólheimum að jöklinum. Rétt er að fara fyrst beint upp snjóbrekkurnar og síðan sveigja til austurs upp á Hábungu, þegar komið er í um 1200 m. Þó að líði fram á sumar verður þessi leið lítið sprungin en rétt er samt að hnyta

síð í fjallavað.

Guðmundur Einarsson frá Miðdal telur í Ferðafélagsárbókinni 1960 bls. 89–90 að „ekki er áreinnilegt að velja aðra leið niður af bungunni, því að gilin upp af Mýrdalnum eru flest ófær með öllu. Þó mun vera hægt að komast fram Hóltsheiði og Keldudalsheiði.

Eru þá Holtsgil og Bárðargil sitt á hvora hönd, bæði allhrikaleg, svo að betra er að hafa þar gott skyggni". Rétt er að benda á lið 10 b) um suðurbrúinir Mýrdalsjökuls í þessu sambandi.

6. Þórsörk — Entukollur:

Greiðfær en löng leið upp á einn skemmtilegasta útsýnisstað á jöklinum.

Loftlína: um 16 km
Lóðrétt hækkun: um 1200 m
Áætlaður göngutími: 6–9 klst

Lagt er af stað frá Skagfjörðsskála í Þórsörk, gengið yfir í Húsadal og niður að Þröngá. Farið er yfir Þröngá og stefnt upp á hrygginn milli Þröngár og Ljósár. Hryggurinn er greiðfær upp í 720 m, en þar er kletta-veggur fyrir neðan *Laka* og fyrir ofan Merkurjökul. Þar er gengið á ská upp til norðurs um skriður. Í um 900 m hæð er komið upp á Lakana. Þaðan er um 1 1/2 km upp í jökul í um 1100 m. Fáar sprungur eru á jöklinum, en nauðsynlegt þó að hnýta sig í línu. Stefnt er á Entukoll, sem á sumrin er snjólaus.

Emstrur — Entukollur:

Þægileg leið frá gönguskála Ferðafélagsins á Emstrunum.

Loftlína: um 12 km
Lóðrétt hækkun: um 1000 m
Áætlaður göngutími: 4–6 klst

Gengið er suður Þórsmerkursönguleiðina yfir göngubrúna á Syðri-Emstruá. Þá er tekin stefna á *Langhálsa*, klettóttan hrygg meðfram Entujökli sunnanverðum. Hálsinn er greiðfær og án farartálma. Gengið er upp eftir honum að jökulrönd. Þar hnýta menn

síu í línu og ganga svo upp á Entukoll.

Annar kostur á þessari leið, þegar komið er yfir göngubrúna, er sá að stefna beint á Entujökul. Hann er að jafnaði sprugulítill og má ganga upp hann. Þá er gegnið undir Langhálsunum. Þegar komið er að *Illhöfði* skal stefnt upp bratta snjófönn um 2 km fyrir neðan Entukoll og halda síðan áfram upp á hájökulinn.

8. Emstrur — Enta:

Fáfarin leið um Entujökul, reynsla í ís- og snjóklifri nauðsynleg.

Loftlína: um 10 km, frá jökulrönd
Lóðrétt hækkun: um 820 m
Áætlaður göngutími: 4–5 klst

Ökuslóði liggur upp að Entujökli norðan frá, þ. e. í skarðið milli Stóra- og Litla Mófells. Þangað má aka á jeppum. Næst skal stefnt á mórenuna milli Entu og Mælifellsjökuls og ganga yfir hana til að komast upp fyrir Emstruá. Haldið er áfram upp Entujökul, sem að jafnaði er lítt sprunginn, að *Entu*. Þá erum við komin í rúmlega 1000 m hæð og best að forðast sprungurnar framundan, með því að stefna beint upp á Entu. Ekki þarf að klífa skriðurnar en að vetrarlagi er betra að hafa broddana og ísöxina á réttum stað. Þegar komið er upp á fyrsta kollinn skal halda áfram hrygginn sem er greiðfær upp að vörðunni á Entu. Þaðan er ágætt útsýni til norðurs og vesturs, en takmarkað til suðurs og austurs.

9. Eyjafjallajökull, Mýrdalsjökull, og Tindfjöll:

Erfið fjalla- og jöklaferð, aðeins fyrir vana fjallamenn. Ágæt fjalla- og gönguskíðaleið á vorin og fyrri hluta sumars, mars–júni/júlí,



Horft ofan af Hámundi yfir Fimmvörðuháls og Mýrdalsjökul. Goðaland t. v., Goðabunga fyrir miðju og Hábunga t. h. Ljós. G. Ó. M., apríl '78.

en leiðin milli Emstruskálans og Tindfjallajökuls verður snjólaus í maí í venjulegu árferði.

Vegalengd: um 90–100 km
Hæðarmunur: langanes e í um 120 m hæð. Eyjafjallajökull er hæstur 1666 m (Hámundur). Skálinn á Fimmvörðuhálsi er í um 930 m hæð. Mýrdalsjökull er hæstur 1480 m (Goðabunga). Emstruskálinn er í um 500 m hæð. Tindfjallajökull (Ymir) er 1462 m hár. Tindfjallaskálinn er um 850 m og Fljótsdalur þar sem leiðin endar (eða byrjar) er í um 120

m hæð. Áætlaður göngutími: 4–6 dagar, en fyrir einstaka áfanga, sjá leiðarvísir viðkomandi áfanga.

1. Lagt er á Eyjafjallajökul annaðhvort frá Stóru-Mörk eða Langanesi (sjá Leiðarvísir Ísalp, fyrsti þáttur — Eyjafjallajökull, Ísalp Nr. 7 Nón. '78, leið Nr. 1 og 2) og gengið á Hámund. Þaðan rennir maður sér niður á Fimmvörðuháls og gistir í skálanum. 2. Næsti áfangi er í Emstruskála um Goðabungu, Entukoll (sjá leið Nr. 3) eða niður Entujökul snemma á vorin (apríl) en þegar líður á, (maí/júní) opnast hættuleg sprungusvæði og er þá ráðlegt að fara leið Nr. 7 niður á Emstruskálann. 3. Frá Skálanum er komið inn á leið nr. 9, Þórsmerkurleið sem

er lýst í Leiðarvisi Nr. 5, *Tindfjallajökull seinni hluti*, Ísalp Nr. 11, júlí '79. Þá er farið yfir brúna á Markarfljóti og upp skriðjökulinn sem fellur til austurs norðan við Ými og Ýmu. Áfram er haldið yfir jökulinn í Búarskarð og niður í skála Klúbbsins í Tindfjöllum. 4. Þar er hægt að hvíla sig áður en lagt er af stað niður heiðarnar að Fljótsdal (sjá Leiðarvisir Ísalp Nr. 4, *Tindfjallajökull fyrri hluti*, Ísalp Nr. 10 Maí '79 leið Nr. 1).

Það sem gerir þessa leið ákjósanlega eru 3 góðir skálar sem eru staðsettir með 25–30 km millibili, svo að hægt er að leita þar skjóls í illviðri, enda þessi jöklar eitt mesta veðravíti landsins.

10. Snjó- og ísklifur á Mýrdalsjökli:

a) *Sólheimajökull* er skriðjökull sem á upp-tök sín efst á jöklinum og fellur niður á 100 m hæð sunnan megin í jöklinum. Akvegur liggur að Sólheimajökli austan Jökulsár (Fúlalæks) fær öllum bílum. Jökullinn er á-líka vel fallinn til ísklifursæfinga og Gíg-jökullinn í Eyjafjallajökli. Einnig er hann vel fallinn til að æfa björgun úr sprungum. Hins vegar er meiri leir og sandur í ísnum en í Gígjöklinum og verður fjallavaðurinn fljótt ataður sandi og ónothæfur þar til hann hefur verið þvegin.

b) *Suðurbrúnir Mýrdalsjökuls*: Tröllslegt landslag og ekki óskaland sporlatra og and-stuttra. Lítið kannað svæði, en að öllum lík-indum er þar að finna snjó- og ísklifursleiðir af hæstu gráðu við góð skilyrði. Besti tími til klifurs á þessu svæði er mars–maí. leiðir eru væntanlega langar. Engu er þó hægt að lýsa þar að sinni. En er svæðið hefur verið kann-að betur, mun bætt úr því.

Auðvelt er að komast að jöklinum á bíl því að akvegir liggja alls staðar í kringum hann. Að sunnan er hringvegurinn sem ligg-

ur í gegnum Mýrdalinn. Að vestan er Þórs-merkurleið, aðeins fær jeppum. Syðri fjalla-baksleið um Emstrur og Mælifellssand ligg-ur meðfram jöklinum að norðan. Austan við jökulinn er Öldufellsleið, vegurinn er ekki merktur á kort og aðeins fær litlum jeppum. Hann liggur frá brúnni á Hólmsá við Hrífu-nes og upp með ánni að vestan, framhjá Merkgili og Öldufelli. Vegurinn kemur síð-an upp á Fjallabaksleið syðri við Mælifell.

Nokkrir skálar eru í grennd við jökulinn. Skáli Flugbjörgunarveitarinnar undir Eyja-fjöllum (Skógum) er í 930 m á Fimmvörðu-hálsi. Tveir skálar eru í eigu Ferðafélagsins, annar í Þórsmörk og hinn við SyðriEmstruá. Einnig er gangnamannakofi undir Hvol-höfða, sunnan Mýrdalsjökuls við Höfða-brekkuheidi.

Skíðaganga á Mýrdalsjökul er heppileg-asti ferðamatinn, en jökullinn er einnig mjög greiðfær snjóbílum og vélsleðum, því að hann er tiltölulega sléttur.

Nauðsynlegur útbúnaður, auk hlýrra skjólklaða, er jöklavaður, ein ísóxi og eitt par af mannbroddum á hópinn. Ef gengið er í línu á skíðum er best að ganga í einfaldri röð og hafa línuna strekkt. Ekki er alltaf nauðsynlegt að vera í línu þegar gengið er á skíðum því þau fljóta vel yfir minni sprung-ur. Ef farið er seinni hluta sumars er betra að vera saman í línu, en á vorin er það tæpast nauðsynlegt. Aðstaður verður alltaf að meta hverju sinni. Einnig ætti að leggja á jökulinn nema kunna að fara með áttavita af *fullkomnu öryggi*. Kennileiti eru fá á jöklin-um og ef skyggni er lélegt (sbr. þoka eða skafrenningur) er áttavitinn manns hægri hönd sem lýgur aldrei og ávallt á að treysta. Annað hjálpartæki má segja að sé ómiss-andi. Það er hæðarmælirinn. Sé hann notað-ur ásamt áttavita er hægt að staðsetja sig með nokkurri nákvæmni. Ferðir um og yfir



Við Entu. Ef farangur er mikill er léttara að draga hann á plastsnjópotum.
Ljós. G. Ó. M., apríl '80.

jökulinn eru yfirleitt lengri en dagsferðir, nema þáulvant skíðafólk eigi í hlut. Því er varla farandi þangað án farangurs og nauð-synlegt að hafa jöklatjald sem þolir mikinn vind. Einnig allan útileguútbúnað til nætur-gistingu, því skjóllaust er á jöklinum. Vert er að minna fólk á að Mýrdalsjökull er einn úrkomumesti staður á landinu og meðalárs-úrkoma er yfir 4000 mm.


Bestu kort af Mýrdalsjökli eru Atlasblað No. 58, kvarði 1:100.000 frá Landmæling-um Íslands. Einnig má styðjast við Aðalkort No. 6, 1:250.000, frá sama útgefanda.

Fátt hefur verið ritað um Mýrdalsjökul og er hann lítt kannaður af fræðimönnum. En Árbók Ferðafélagsins 1960 eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal, fjallar meðal annars um leiðir á Mýrdalsjökul og næsta umhverfi hans.

11. Aðrar leiðir:

Nokkrar mjög fáfarnar leiðir skulu hér nefndar, en vegna skorts á upplýsingum verður hér aðeins stiklað á stóru.

a) *Hvolhöfuð – Hábunga*: Líklega greiðfær leið frá gangnamannakofanum undir *Hvol-höfði* (suðaustan undir jöklinum), en þang-að er fært á jeppum um Kerlingadalsheiði. Farið er upp hlíðarnar fyrir ofan kofann og upp á Höfðabrekkuafrétt, en þaðan sést vel yfir Höfðabrekkuafrétt og Huldufjöll. Jökulrönd er í um 800 m hæð og er þá jafn halli. Eftir því sem best verður komist eru fáar sprungur á leiðinni upp á Hábungu.



Skíðaganga er heppilegasti ferðamátinn á Mýrdalsjökli. Á milli Entu og Entukolls (mynd) skal varast sprungur sem liggja um Entugjá. Ljós. G. Ó. M., apríl '78.

b) *Kötlustígur*: Ekið er um sandana sunnan við Leirá, norðan Mýrdalssands, upp að *Krika*. Þaðan er gengið upp fjallsranann á milli Höfðabrekku- og Sandfellsjökuls, *Kötlustíg*. Í 600 m hæð er klettabelti. Best er þá að fara út á Höfðabrekkujökul út að Eystri- Kötlukolli og upp snjó- eða ísbrekkurnar norðan við kollinn og upp á Austmannsbungu. Fátt eitt er vitað um sprungur á þessu svæði, en þó er talið að Jón Austmann, prestur hafi farið þessa leið árið 1823 þegar hann skoðaði Kötlugisið. Á Austmannsbungu er lítill klettur, sem á sumrin stendur upp úr, en af honum er ágætt útsýni yfir Költusvæðið.

c) *Mælifellsjökull*: Yfirleitt sprungulítill, a. m. k. snemma sumars og á vorin. Fari fólk um hann á skíðum sem áfanga í lengri ferð, er tilvalið að renna sér niður jökulinn. Jökullinn virðist þó falla í stöllum þ. e. 100–150 m fall og síðan tekur við 1–2 km breytt sléttlendi, á víxl. er þá hugsanlegt að á sumrin myndist sprungur í mestu stöllum.

Heimildir:

1. Guðmundur Einarsson: *Sudurjöklar*, Árbók Ferðafélags Íslands 1960, Reykjavík 1960.

2. Þorsteinn Jósefsson: *Landið þitt*, Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Reykjavík 1966.
3. Helgi Benediktsson: *Eyjafjallajökull*, leiðarvísir Ísalp nr. 1. Íslenski Alpaklúbburinn nr. 7, nóv. 1978.
4. Guðjón Ó. Magnússon: *Langjökull*, Leiðarvísir Ísalp nr. 2, Íslenski Alpaklúbburinn nr. 8, jan. 1979.

5. Ingvar Teitsson, Magnús Hallgrímsson, Guðjón Halldórsson og Rúnar Nordquist: *Tindfjallajökull*, fyrri og seinni hluti, Leiðarvísir Ísalp nr. 3 og 4. Íslenski Alpaklúbburinn nr. 9 og 10, mars og maí 1979.

Guðjón Ó. Magnússon

Ævintýri á Mont Blanc

Í sumar fórum við Magnús Guðm. til Austurríkis í því skyni að mennta okkur eitthvað í samb. við fjallamennsku. Þaðan ætluðum við svo til Chamonix í Frakklandi. Dvölin í Austurríki var mjög ánægjuleg og gagnleg. Skólinn sem við vorum á er nokkrum öðrum Íslendingum að góðu kunnur, og var því sjálfgeft að fara þangað.

En hér er ætlunin að segja frá Frakklands þætti þessarar ferðar og hefst sú frásögn hér:

Það var hjart og gott veður sem tók á móti okkur þegar við stigum út úr lest, við brautarstöðina í Chamonix. Og ekki var verra að hitta þar einn ágætis mann, Guðmund Pétursson. Ekki kom það okkur samt á óvart, því reyndar vorum við búnir að mæla okkur mót þarna. Guðmundur var sem sagt búinn að dvelja þarna í vikutíma, og hafði ekki setið auðum höndum á meðan. Mont Blanc du Tacul (4268 m) fékk hann heimsótt ásamt því að hann hafði gengið hér og þar um undirhlíðar fjallgarðsins. Eftir að

við höfðum komið okkur fyrir tókum við að skoða umhverfið og eins að ræða væntanlega Mt. Blanc för okkar. Tveim dögum eftir að við Magnús komum til Frakklands, eldsnemma morguns, lögðum við af stað.

Farið er upp í um 2400 m hæð með farartækjum ýmsum og hefst hin eiginlega ganga þar. Umhverfið er hrjóstrugt og er helst útsýnið sem bjargar, venjulega, en ekki í þetta sinn því grámollulegt veður var og horfur hreint ekki góðar.

Leiðin lá upp í Gouter skálann (3817 m) sem stendur á Aig. de Gouter. Leið þessi er sú fjölfarnasta, en samt ekki alveg hættulaus því þarna farast alltaf nokkrir á ári. Orsökina er grjóthrun og er það vegna þess að þarna er berg laust og skriður miklar. Um hádegi höfðum við náð upp í skálann og var meiningin að gista þar líkt og venjulega er gert, en leggja af stað strax næsta morgunn. En það fór nú öðruvísi en ætlað var. Veðrið gjörðist fúlt og gerði snjókomu mikla svo við urðum



Mont Blanc frá Aiguille D'Index. Ljós. Torfi Hjaltason, sept. 1980.

að dúsa einn dag í viðbót þarna. Þrátt fyrir að veður væri langt frá því að vera spennandi lögðum við af stað um fjögur leitið aðra nóttina.


Poka var og færið þungt – þó var til bóta að góð slóð var alla leiðina upp. fátt bar til tíðinda á uppgöngu, en frekar fór að glæðast er upp á tindinn var komið. Í fyrsta lagi þá er náttúrulega mjög gaman að ná þangað og í öðru lagi tók veður að batna til muna. Enginn af okkur fann fyrir hæðinni þannig að í frásögur væri færandi og var það vel. Úr því veðrið var að batna, var reyndar orðið mjög gott þá ákváðum við að freista þess að komast niður í Aig. du Midi sem er dágóð viðbót. Leiðin sú nefnist Mont Blanc Traverse í leiðabókum og er talinn sémilega krefjandi, enda löng og gengið er í yfir 4000 m hæð mestann hluta hennar.

Fyrst fórum við niður í Brenva skarð og þaðan utan í Mt. Maudit. Færið sagði nú mjög til sín enda þurftum við að troða sjálfir og einnig að velja leiðina að hluta, þó við hefðum bókarlýsingu með í förinni. Þarna þurfti að fara upp og niður, yfir jaðarsprungur og alltaf var talsverð snjóflóðahætta út af fannferginu frá deginum áður.

Var nú mjög tekið að líða á daginn. Þegar við höfðum barist við eina jaðarsprunguna, utan í Mt. Maudit, í fulla tvo tíma var alveg víst að ekki næðum við í björtu niður í Aig. du Midi. Loks þegar við komumst upp á öxlina á Mt. Blanc du Tacul og framundan beið sundurtætt og ógreiðfær brekka niður á jökulinn sem farið er yfir þegar gengið er á Tacul frá Midi. Nú var úr vöndu að ráða, annaðhvort gista hér í skafli eða freista gæfunnar og reyna að komast yfir í Midi og gista

í göngum svifbrautarstöðvarinnar þar. Ofan á varð að halda kyrru fyrir og fara áfram strax næsta morgun. Nóttin var sumum köld en engum að tjóni. Við klæddum okkur í allar flíkur sem við höfðum og skriðum síðan í 2ja manna neyðarpoka þrír að tölu. Var það ágætt. Ekki var hægt að sofa frameftir því eldsnemma voru menn farnir að stjálka um allt í kringum okkur. Við höfðum aftur á móti ekki orðið manna varir fyrr um daginn utan tveggja franskra björgunarmanna sem komu í þyrlu og vildu bjarga okkur, en það er önnur saga.

Ekki var gerandi að láta Pétur og Pál góna á okkur þarna í pokanum til eilífdar svo við röltum okkur af stað, heldur betur hungrað-



Undir toppnum á Aiguille D'Index. Ljós. Torfi Hjaltason, sept. 1980.




Útsýni frá Mont Blanc til norðausturs. Tour Ronde nær, Grandes Jorasses fjær. Ljós. Torfi Hjaltason, 1980.

ir og þyrstir eftir slarkið. Mikil mannmergð er þarna í kringum Aig. du Midi og er það skiljanlegt þar sem ákaflega fallet og hrikalegt er þar allt í kring. Einnig er, að uppi í Midi er „búlla“ eða veitingastaður, og þangað höldum við.

Eftir þessa ferð varð fátt um stóráttök. Guðmundur hélt til Genfar en við Magnús þraukuðum nokkra daga enn. Að visu fórum við eftirmiðdagsferð á tind einn lítinn sem Aiguille D'Index heitir og var þar skemmtilegt klettaklifur af III-gráðu. Að því loknu öxluðum við skinn okkar og tókum lestina áleiðis til Luxemborgar. Heim komum við svo 2. sept. eftir þriggja vikna útivist.

Torfi Hjaltason

Þekkir þú landið?



Náttúruverndarráð hefur hafið útgáfu lesarka, sem eru smárit um náttúru og sögu friðlýstu svæðanna. Ritin eru einkum ætluð þeim, sem heimsækja þjóðgarðana og friðlöndin og nágrenni þeirra til að njóta þar útivistar og náttúruskoðunar. Ritin fást hjá ferðafélögunum og landvörðum Náttúruverndarráðs auk bóka-verslana.



Náttúruverndarráð

Sigurför á Skessuhorn

Klukkan var um áttaleytið að morgni laugardagsins 13. september sl. þegar við félagarnir Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson röttum af stað frá Horni og stefndum á Skessuhorn norðan í Skarðsheiði. Veðrið var betra vonum, sól, gola og vægt frost.

Áætlun okkar var að reyna að klífa NV-vegg Skessuhorns sem fram að þessu var enn óklifinn. Þjár tilraunir höfðu verið gerðar en þeir sem hæst höfðu komist, þeir Björn Vilhjálmsson og Bill Gregory áttu aðeins 40 m ófarna er þeir neyddust til að hörfa frá.

Í undirbúningi okkar fyrir ferðina, höfðum við þann möguleika hugfastan að meira en einn dagur færi í klifur, en segja má að tímaskortur hafi átt stóran þátt í misheppnuðum tilraunum. A. m. k. átti sá möguleiki ekki að verða til þess að klifrið mistækist. Því tókum við með okkur útbúnað til svefns ef til þess kæmi.

Gangan að veggnum var fremur tíðindalaus nema að við fylltum vatnsbrúsa okkar í lækjarsytru einni (ef við þyrftum að vera í veggnum um nóttina, þurftum við á vatni að halda, en við bjuggumst ekki við að finna vatn í honum), auk þess sem heiður himinn tók að safna skýjum.

Um 10.30 leytið vorum við komnir undir vegginn og héldum vestur með honum að klettarifinu sem gengur niður frá tindinum. Hægra megin í því höfðu þeir Bill og Björn klifrað, þar ætluðum við líka að leggja upp.

Þegar við vorum komnir vestur fyrir rífið, klifum við upp nokkur lítil klettabelti upp á syllu nokkra fyrir neðan aðalvegginn. Þar átum við smávegis og tókum síðan til við að búa okkur undir klifrið, fara í línu, reka inn tryggingar og þess háttar.

Þó nokkurt frost var og vakti mikið grjótflug úr veggnum og þá sérstaklega vestan megin úr honum mikla undrun okkar. Í nokkur skipti þeyttist grjót hættulega nærri okkur, en það kom aðeins fyrir undir veggnum. Þegar ofar var komið vorum við úr þess háttar hættu.

Ákveðið var að Jón myndi byrja að leiða, en síðan myndum við skiptast á. Og þegar við höfðum gert allt klárt lagði Jón af stað og var klukkan þá ca. 11.30.

Fyrsta línulengdin eða spönnin reyndist auðveldari en við var búist, en viðurkenna verður að þarna að neðan leit veggurinn nokkuð hrikalega út. Var spönnin ca. 35 m löng og ákaflega skemmtileg.


Við fundum strax fyrir því hve örðugt var að klífra með þunga bakpoka, en hjá hvorum okkar vó pokinn ca. 13–14 kg. Einnig hafði kulddinn mikil áhrif á berar hendurnar.

Næsta spönn varð 30 m og lá upp á egg sem var neðarlega á klettarifinu og upp í næsta klettabelti fyrir ofan.

Við tókum eftir því að himinn var orðinn nokkuð skýjaður og þokuslæður að myndast á Heiðarhorni og fleiri góðum tindum. Jók þetta áhyggjur okkar að mun. Matarpásurnar sem við ætluðum okkur að fá við næsta megintryggingarstað færðust jafnóðum yfir á næsta stað o. s. frv.

Fyrstu ummerki ferðar þeirra Björns og Bills fundum við fyrir ofan klettabelti eitt í miðjum veggnum sem gekk ákaflega brösuglega að komast yfir. Sú spönn reyndist vera styst (10 m) í öllu klifrinu, en bergið nokkuð gott. Alls fundum við 3 hnetur og 1 sling eftir þá félaga. Slingið fannst ca. 20 m ofar en 2 hnetur síðan einni línulengd ofar. Var það á þeim stað sem þeir höfðu hæst náð.

Um 4 leytið náðum við þeim stað. Vorum



Skessuhorn.

við þá orðnir nokkuð vongóðir um sigur. Aðeins 40 m eftir upp á að giska og tæpir 4 tímar til myrkurs.

Næsta spönn, sem Jón leiddi, var ákaflega laus og hrundi grjót í hverju handtaki.

Nú höfðum við náð hærra í veggnum en áður hafði náðst og útlitið þar fyrir ofan var ekki svo svart. Við giskudum á að aðeins væru um 20 m eftir.

Næsta spönn, sú síðasta, lá upp tvö klettabelti. Það neðra var um 6–7 m og reyndist fremur létt að einni tæpri hreyfingu undan-skilinni. Síðasta klettabeltið sem ekki var hærra en ca. 5 m reyndist aftur á móti erfitt og þurftum við að stíga í sling á einum stað. Brúnin á klettabeltinu, síðasta hreyfingin, reyndist ákaflega erfið. Þar var ekki um neinn stíl að ræða, aðeins að klóra sig með einhverjum ráðum upp lausan jarðvegin. En hvað um það, við vorum búnir að sigra.

Klukkan var 5.30 og hafði klifrið staðið yfir í 7 klukkustundir. Aðeins örfá spor voru

eftir á tindinn og loks var tími til að fá sér að éta.

Niður fórum við svo um kl. 6.30 og gengum niður í Árdal sem er norðan Hafnarfjalls. Þar lágum við svo úti um nóttina og fórum síðan í bæinn á sunnudeginum.

Leiðin sem við fórum fylgir hægri hlið klettariðsins nær alla leið upp. Hæð veggjarins frá rótum er ca. 250 m og er grjóthrun mikið í honum. Ættu því allir sem þarna fara um að bera hjálma.

Bergið er fremur laust en þó traust á köflum.

Alls þurftum við að klifra 10 spannar og voru flestar 25–30 m langar, stysta 10 m og lengsta 35 m.

Ef meta á leiðina í gráðum er okkar mat að í heildina sé hún III+/IV en erfiðustu hreyfingar IV+/V (5.6). En föst gráða verður að bíða þangað til fleiri hafa farið hana og gefið sitt álit.

Snævarr Guðmundsson

Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



Core-Tex
lamine
FATNAÐUR

OG

BAKPOKAR
FRÁ

berghaus

Útilíf

GLÆSIBÆ
SÍMI 30350

Ferðir og fundir ÍSALP

Opin hús og fundir eru að jafnaði í húsnæði ÍSALP á Grensásvegi 5, og hefjast kl. 20.30.

Miðvikudagur 3. des.:

Opið hús.

Miðvikudagur 10. des.:

Opið hús. Kynning á göngu- og fjallaskíðum, og öðrum sérhæfðum útbúnaði til vetrarfjallaferða – Guðjón Ó. Magnússon.

Miðvikudagur 17. des.:

Bókasafnsvöld.

Miðvikudagur 24. des.:

Lokað.

Miðvikudagur 31. des.:

Lokað.

Miðvikudagur 7. jan.:

Félagsfundur, rætt um starf félagsins og hvert stefna skuli í framtíðinni. Einnig rætt um ísossferð og sýndar myndir af ísössum.

laugardagur 10. jan.:

Ísossferð. – Fararstjóri Torfi Hjaltason.

Miðvikudagur 14. jan.:

Opið hús. „Eru leiðir ofgráðaðar á Íslandi?“ Guðjón Ó. og Snævarr ræða um snjó- og ísklifurgráðurnar.

Miðvikudagur 21. jan.:

Opið hús. Kynning á snjóhúsagerð – Einar H. Haraldsson.

Miðvikudagur 28. jan.:

Opið hús. Höskuldur Goði Karlsson, kennari, ræðir um kal og ofkælingu. Sýnd verður stutt kvikmynd um kal.

Miðvikudagur 4. feb.:

Opið hús. Sigurður B. Jóhannesson sýnir myndir úr Ölpunum. Þrætt um skíðagönguferðina.

Sunnudagur 8. feb.:

Skíðagönguferð – undirbúningur fyrir Kaldadalsferðina, áætlað að ganga um 25 km. í nágrenni Reykjavíkur. Í ljós kemur þá hvort menn komast í Kaldadalsferðina. – Fararstjóri Guðjón Ó. Magnússon.

Miðvikudagur 11. feb.:

Aðalfundur. Venjulega aðalfundarstörf. Lagabreytingar.

Miðvikudagur 18. feb.:

Opið hús. Magnús Hallgrímsson, verkfræðingur, ræðir um eðli sjóflóða, og hvernig fjallamaðurinn getur forðast hættuna. Rætt um Kaldadalsferðina.

Föstudagur 20. – sunnudagur 22. feb.:

Skíðagönguferð. Húsafell – Þingvellir (Kaldadalur). Aðeins fyrir vana skíðamenn (sbr. 8. febr.) – Fararstjóri Hreinn Magnússon.

Miðvikudagur 25. feb.:

Opið hús. Kynning á snjóklifur- og vetrarfjallamennskuútbúnaði. – Helgi Benediktsson og Torfi Hjaltason. Væntanlegir þátttakendur skrái sig á vetarfjallamennskunámskeið.

Miðvikudagur 4. mars:

Opið hús. Hreinn Magnússon sýnir myndir af klifri á Hraundranga, Tröllunum og víðsvegar að af landinu.

Föstudagur 6. mars:

Undirbúningur fyrir vetrarfjallamennskunámskeið.

laugardagur 7. – sunnudagur 8 mars:

Vetrarfjallamennskunámskeið (staður óákveðinn) í umsjón Torfa Hjaltasonar og Magnúsar Guðmundssonar. Fjöldi takmarkaður við 12. Fleiri leiðbeinendum verður þó bætt við ef þörf krefur. Þátttökugjald – nýkr. 100.

Miðvikudagur 11. mars:

Opið hús. Ari Trausti Guðmundsson ræðir um eðli jökla.

Miðvikudagur 18. mars:

Opið hús. Guðjón Ó. Magnússon sýnir myndir úr Vetrarjökulsferð sl. sumar. Rætt um Skessuhornsferð.

Sunnudagur 22. mars:

Ferð á Skessuhorn – snjóklifur. Æskilegt að þátttakendur hafi áður farið á vetrarfjallamennskunámskeið. – Fararstjóri Snævarr Guðmundsson.

Miðvikudagur 25. mars:

Opið hús.

Styrktaraðilar

Plastprent h/f

Höfðabakka 9, sími 85600

Radíóbúðin

Skipholti 19, sími 29800

Formprent


Hverfisgötu 78, sími 25960

REPRÓ

OFFSETVINNA
PRENTHÖNNUN



HVERFISGÖTU 78



25210

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



**Camp
Trails**



MoAc



ajungilak.



**Blacks
of Greenock**

ultimate

Paraboot - Galibier



Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af  Hjálparseit Skáta Reykjavík